

2307. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn föstudaginn 23. febrúar 2024 og hófst kl. 14:30. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn á Laugardalsvöll: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Orri V. Hlöðversson, Pálmi Haraldsson og Tinna Hrunð Hlynsdóttir.

Mættir varamenn: Sigrún Ríkharðsdóttir, Jón Sigurður Pétursson, Hildur Jóna Þorsteinsdóttir og Jón Rúnar Halldórsson.

Mættir fulltrúar landshluta: Eva Dís Pálmadóttir AL.

Fjarverandi: Unnar Stefán Sigurðsson og landshlutafulltrúarnir Trausti Hjaltason SL, Ómar Bragi Stefánsson NL og Oddný Eva Böðvarsdóttir VL.

Mættir starfsmenn: Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri og Haukur Hinriksson lögfræðingur (dagskrárliður 2).

Fundargögn:

- Tillaga til breytinga á reglugerð KSÍ um veitingu landsliðs- og heiðursviðurkenninga.
- Tillaga til breytinga á reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn.
- Tillaga til breytinga á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.
- Umsögn dómaranefndar varðandi tillögur frá ungmennaráði KSÍ.

1. Fundargerð síðasta fundar, 2036.
2. Lagðar fram fundargerðir nefna og fluttar fréttir frá ÍTF:
 - a. Fundargerð fjárhags- og endurskoðunarnefndar 15. febrúar.
 - b. Orri V. Hlöðversson flutti fréttir af aðalfundi ÍTF.

Haukur Hinriksson lögfræðingur KSÍ tók sæti á fundinum.

3. Lög og reglugerðir.
 - a. Lögð var fram tillaga til breytinga á reglugerð KSÍ um heiðursviðurkenningar. Afgreiðslu var frestað og biður næstu stjórnar.
 - b. Lögð var fram og samþykkt tillaga til breytinga á reglugerð um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn.
 - c. Lögð var fram og samþykkt tillaga til breytinga á reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Um var að ræða breytingu til skýringa á nýlega samþykktu ákvæði um leikbönn.
 - d. Lögð var fram og samþykkt tillaga um skipan í málskotsnefnd:

Aðalmenn:

 - ✓ Birgir Jónasson, formaður
 - ✓ Gísli Hlynur Jóhannsson
 - ✓ Íris B. Eysteinsdóttir

Varamenn:

 - ✓ Magnús Þórisson
 - ✓ Ragnildur Skúladóttir
 - ✓ Victor Ingi Olsen

Haukur Hinriksson lögfræðingur KSÍ vék af fundi.

4. Skýrslur landshluta

a. Eva Dís Pálmadóttir landshlutafulltrúi fór yfir stöðu knattspyrnunnar á Austurlandi.

5. Ársþing KSÍ

a. Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri KSÍ fór yfir stöðuna á undirbúningi ársþings.

6. Önnur mál

b. Sigfús Ásgeir Kárason og Pálmi Haraldsson ásamt fulltrúum FRÍ funduðu með ráðherra og borgarstjóra vegna Þjóðarleikvangs.

c. Lögð fram til kynningar umsögn dómara nefndar varðandi tillögur ungmennaráðs. Málinu var vísað til næstu stjórnar.

d. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður fluttir þakkir til fráfarandi stjórnarfólks og framkvæmdastjóra.

Fundi slitið kl. 15:15.

Fundarritari

Klara Bjartmarz